

## Króka-Refs saga

### 1. Hver kallar son sinn „frændaskömm“?

- Refur
- Þorgerður í Kvennabrekku
- Steinn

### 2. Hvernig var Refur skyldur Gestu Oddleifssyni?

- Hann var systursonur Gestu
- Hann var móðurbróðir Gestu
- Hann var bróðursonur Gestu

### 3. Hvað vildi Gestur láta Ref gera?

- Smíða höggspjót
- Drepa Þorbjörn
- Smíða selabát

### 4. Hvað merkir lýsingarorðið *mannvitull*?

- vitur
- vitgrannur
- mannþekkjari

### 5. „Nú skal ég gjalda þér tvö högg með einu.“ Hver mælti þetta og við hvern?

- Refur við Gelli
- Refur við Þorgils
- Bárður við Ref

### 6. „Ef þér verður eigi útkomu auðið þá vil ég að þú látir skrifa frásögn um ferð þína.“ Þetta mælti Gestur við Ref frænda sinn að skilnaði. Hvað átti hann við með orðunum „ef þér verður eigi útkomu auðið“?

- Ef þú ferð ekki aftur til útlanda
- Ef þú berð ekki gæfu til að koma aftur til Íslands
- Ef þú átt ekki eftir að sjá mig aftur

### 7. Hvers vegna ætli yngsti sonur Refs og Helgu hafi verið skírður Þormóður?

- Hann var skírður í höfuðið á föður Helgu
- Hann var skírður í höfuðið á fóstura Helgu
- Hann var skírður eftir föður Refs

### 8. Refur fór eitt sinn óvarlega þegar þegar hann gekk heim frá smíðum um kvöld.

- Hann var vopnlaus þegar hann mætti hvítabirni
- Hann var vopnlaus þegar hann mætti sonum Þorgils í Vík
- Hann var vopnlaus þegar hann mætti hávaðamanninum Gelli

**9. Þeir Þorgilssynir koma af stað þeim orðrómi að Refur hafi**

- tekið konuna frá þengli Þorgilssyni í Hlíð
- verið rekinn af Íslandi vegna samkynhneigðar (regi/ergi)
- stolið skipinu sem hann sigldi til Grænlands af Gesti frænda sínum

**10. Refur hefnir sín á Þorgilssonum fyrir illmælið (rógburðinn). Hve marga menn felldi hann þetta örlagaríka síðkvöld?**

- Fjóra menn
- Fimm menn
- Sex menn

**11. Þegar Refur yfirgaf Hlíð á Grænlandi og fór norður í óbyggðir**

- eignuðust óvinir hans land þeirra hjóna í Hlíð
- hafði honum tekist að selja land sitt
- neyddist hann til að skilja mikil verðmæti eftir

**12. Hverjar virðast vera verðmætustu útflutningsvörur frá Grænlandi?**

- Tennur og skinnavara
- Fiskur og hvalkjöt
- Hákarlalýsi og rostungskjöt

**13. Bárður var glöggur maður. Hann áttaði sig á að fjörðurinn, þar sem þeir voru staddir, mundi vera lengri en hann sýndist**

- af því að hann sá að þang rak inn í „fjarðarbotn“ og hvarf þar
- af því að hann sá þunnar tréflögur í hrúgu og grunaði að þær væru þar af völdum Refs
- af því að hann sá reyk handan við höfða nokkurn

**14. Refur segir að hvorki Bárður né Grænendingar geti unnið vígi hans**

- nema þeir þiggi ráð hjá Gesti Oddleifssyni
- nema þeir njóti ráða sér vitrari manna
- nema þeir komi með her frá Noregi

**15. Meðal þeirra gripa sem Gunnar bað Bárð um að færa Haraldi Noregskonungi var**

- sverð
- hvítaljörð
- skinn af rostungi

**16. Hvað vildi Gunnar fá frá konungi á móti gjöfunum sem hann sendi honum?**

- Vináttu konungs og viturleg ráð
- Vopn og silfur
- Timbur frá Noregi til að byggja skála

**17. Bárður sagði konungi frá orðum Refs við skilnað þeirra (Bárðar og Refs).**

- Hann sagði nákvæmlega rétt frá
- Konung grunaði að Bárður segði ekki alveg rétt frá
- Hann sagði alrangt frá

**18. Konungur ráðlagði Bárði**

- að fara aftur til Grænlands og ráðast að Refi
- að fara ekki aftur til Grænlands
- að fara til Íslands

**19. Það var ráð konungs að ef vinna ætti virkið**

- væri nóg að bera í það eld
- þyrfti að stífla lækinn þannig að hann bæri ekki lengur vatn í virkið
- þyrfti að lokka Ref út á virkisvegginn og skjóta hann

**20. Samkvæmt frásögninni var Refur með tvö skip. Á öðru þeirra beið Helga og menn með henni í leynivogi. Hitt skipið**

- lá á firðinum framan við virkið þegar Bárður kom
- tóku menn Bárðar og Gunnars
- var inni í virkinu þegar Bárður kom þangað í seinna skiptið

**21. Líf Bárðar endaði þannig að**

- konungur lét drepa hann
- Refur skaut hann með spjóti
- hann drukknaði í hafi

**22. Narfi og Sigtryggur**

- voru vinir Haralds Noregskonungs
- voru óvinir Refs
- voru nöfn sem Refur notaði um sjálfan sig

**23. Grani kemur til Helgu og segist vilja kaupa sér konu. Átt er við að hann**

- vilji kaupa sér ambátt
- vilji njóta blíðu Helgu gegn gjaldi
- vilji ráða sér kaupakonu

**24. Orðið *rann* merkir sama og langt hús. Refur leikur sér að þessu og segir: „Þá langhúsaði ég.“ Hvað á hann við?**

- „Þá rann (=hljóp) ég“
- „Þá byggði ég langt hús“
- „Þá rann (=datt) ég“

**25. Hvers vegna þorði Refur að fara beint á fund Danakonungs en ekki Noregskonungs?**

- Af því að hann hafði ekki gert neitt á hlut Danakonungs  
 Af því að hann þekkti Danakonung  
 Af því að Bárður hafði verið með Danakonungi

**26. Meðal þess sem Refur flutti frá Grænlandi**

- var einn hvítabjörn  
 voru fimm hvítabirnir  
 voru fimm hvítir fálkar

**27. Sá sem lengdi nafn Refs og gaf honum nafnið Króka-Refur var**

- sjálfur Noregskonungur  
 sjálfur Danakonungur  
 Refur sjálfur

**28. Í Danmörku gekk Refur undir nafninu**

- Króka-Refur  
 Narfi  
 Sigtryggur

**29. Króka-Refur lést**

- í Danmörku  
 á Ítalíu  
 í Frakklandi

**30. Einn sonur Króka-Refs**

- settist að á Íslandi  
 settist að í Noregi  
 gerðist biskup í Danmörku